



Undirritaðir aðilar, annars vegar **menningar- og viðskiptaráðuneytið**, kt. 710122-1990, Hafnarstræti 5, 101 Reykjavík, og hins vegar **Fræðslumiðstöð atvinnulífsins**, kt. 430403-3110, Skippholti 50 B, 105 Reykjavík, gera með sér

ÞJÓNUSTUSAMNING um Hæfnisetur ferðaþjónustunnar

1. gr.

Markmið samningsins

Markmiðið með samningi þessum er að efla hæfni og fagmennsku í ferðaþjónustu og stuðla að auknum gæðum, jákvæðri ímynd og arðsemi hennar.

Þjónustusamningur þessi er byggður á stofnskrá, gildum og hlutverki Hæfnisetursins og þeim áherslum sem þar eru tilgreindar.

2. gr.

Um samningsverkefnið

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins (FA) tekur að sér samkvæmt samningi þessum að annast umsýslu með verkefninu „Hæfnisetur ferðaþjónustunnar“ og fjárreiðum þess.

Fara skal með fjármál verkefnisins í samræmi við lög nr. 88/1997 um fjárreiður ríkisins, sbr. bráðabirgðaákvæði I við lög um opinber fjármál, nr. 123/2015, og reglugerðir sem settar eru á grundvelli þeirra laga. Fjármál og starfsemi Hæfnisetursins skulu aðgreind frá annarri starfsemi FA.

3. gr.

Hlutverk Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins er falið að vinna að eftirfarandi verkefnum:

- Veita starfshóp um alþjóðlegt nám í afþreyingartengdri ferðaþjónustu forystu. Verkefnið byggir á aðgerð E.4. Alþjóðlegt nám í afþreyingartengdri ferðaþjónustu, með áherslu á sjálfbærni, í aðgerðaáætlun, í ferðamálastefnu til ársins 2030 og aðgerðaáætlun hennar. Markmið aðgerðarinnar er að Ísland verði framarlega í alþjóðlegu námi í afþreyingartengdri og nærandi ferðaþjónustu þar sem sjálfbærni-, öryggis- og gæðamál eru í forgrunni. Starfshópurinn skal vinna að því að því að hér á landi verði boðið upp á nám í ferðaþjónustu, með alþjóðlega viðurkenndri prófgráðu, í þeim tilgangi að auka fagmennsku innan greinarinnar, ásamt því að styrkja ásýnd og ímynd íslenskrar ferðaþjónustu.
- Vinna að og taka þátt í öðrum verkefnum er lúta að hæfni og gæðum sem tengjast aðgerðaáætlun í ferðaþjónustu.
- Að greina fræðsluþarfir og þróa lausnir (verkfæri og stuðningsefni) til að auka við hæfni og gæði innan ferðaþjónustunnar í samstarfi atvinnugreinina og aðra hagsmunaaðila.
- Vinna með samtarfs- og hagsmunaaðilum við að þróa, innleiða og markaðssetja lausnir Hæfniseturs ferðaþjónustunnar.
- Tengja vinnu Hæfnisetursins við starf og stefnumótun svæðisbundinna stoðkerfa t.a.m. áfangastaðastofur landshluta.
- Þróa, fylgja eftir, markaðssetja og styðja við framkvæmd á þrepaskiptu starfsnámi í ferðaþjónustu.
- Veita ráðgjöf til stjórnenda, koma á samstarfi og styðja við ferðaþjónustufyrirtæki í að vera sjálfbær í uppbyggingu á hæfni starfsfólks.



- Gera hæfni starfsfólks sýnilega og staðfesta hæfni sem aflað hefur verið á vinnumarkaði í samstarfi við fyrirtæki í ferðaþjónustu.
- Auka hæfni stjórnenda og starfsfólks í ferðaþjónustu til nýsköpunar, s.s. á sviði öryggis, heilsu, sjálfbærni og stafrænna lausna.
- Vinna að aukinni notkun starfsfólks á íslensku í ferðaþjónustu í samvinnu við stjórnendur fyrirtækja og aðra hagamunaaðila m.a. til að stuðla að sýnileika tungumálsins í samstarfi við fyrirtæki í atvinnugreininni.

4. gr.

Hlutverk menningar- og viðskiptaráðuneytisins

Menningar- og viðskiptaráðuneytið hefur heimild til að fylgjast með og gera úttektir á allri framkvæmd og starfsemi Hæfniseturs ferðaþjónustunnar. Í því sambandi hefur ráðuneytið aðgang að, í samræmi við ákvæði stjórnisýslulaga, öllum gögnum hjá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins sem máli skipta vegna samnings þessa, þar á meðal fylgiskjöllum, skýrslum og bréfum.

Menningar- og viðskiptaráðuneyti á fulltrúa í stjórn Hæfniseturs ferðaþjónustunnar og skal sá fulltrúi sitja fundi stjórnar. Ráðuneytið mun jafnframt leggja til gögn er varða verkefnið.

5. gr.

Greiðslur og greiðslutilhögun

Heildargreiðsla menningar- og viðskiptaráðuneytisins til Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins á grundvelli samningsins er kr. 120.000.000 (hundrað og tuttugu milljónir 00/100) og verður ekki um frekari greiðslur að ræða. Samningsfjárhæð greiðist mánaðarlega af fjárlagalið 16-559 inn á reikning Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins númer 515-26-3330.

Heildarfjárskuldbindingar menningar- og viðskiptaráðuneytisins takmarkast á samningstímanum við þær fjárhæðir sem tilgreindar eru í samningi þessum. Menningar- og viðskiptaráðuneytið mun ekki greiða dráttarvexti ef greiðsla dregst og greiðslur bera hvorki vexti né verðtryggingu.

6. gr.

Gildistími samnings

Samningur þessi gildir frá 01.01.2025 til 31.12.2026 og gildir einungis fyrir þau verkefni sem hann lýtur að. Óski annar hvor aðila eftir að segja samningnum upp skal það gert skriflega með þriggja mánaða fyrirvara.

7. gr.

Framsal

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins er með öllu óheimilt að framselja réttindi sín og skyldur samkvæmt samningi þessum, hvort sem er að hluta eða öllu leyti.

8. gr.

Vanefndir

Verði Fræðslumiðstöð atvinnulífsins staðin að verulegum vanefndum við framkvæmd samningsverkefnisins getur ráðuneytið, auk þess að fresta greiðslum eða stöðva þær, ákveðið að rifta samningi þessum. Riftun skal lýst yfir skriflega og slík tilkynning send Fræðslumiðstöð atvinnulífsins með sannanlegum hætti.

9. gr.

Ýmis ákvæði



Rísi mál vegna samnings þessa skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Samningurinn er undirritaður rafrænt. Aðilar hafa kynnt sér efni samningsins og hafa fullt umboð til að staðfesta hann með undirritun sinni.

Reykjavík, 25.10.2024

F.h. menningar- og viðskiptaráðuneytis

F.h. Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins

Ingvi Már Pálsson

Hildur Betty Kristjánsdóttir